

Gott kvöld.

Vinsamlegast komið eftirfarandi umsögn á framfæri velferðarnefndar vegna 747. máls á 151. löggjafarþingi, titlað „Sóttvarnalög og útlendingar“:

---

1. másl. 3. mgr. ákvæðisins til bráðabirgða í sóttvarnalögum, nr.

19/1997, yrði svona skv. frumvarpinu, þskj. 1267:

„Ráðherra skal birta lista yfir svæði og lönd sem talin eru sérstök hááhættusvæði að undangenginni tillögu sóttvarnalæknis í B-deild stjórnartíðinda.“

Orðalagið er tvírætt þar sem það gefur kost á að túlka að lista ráðherra ætti að birta í B-deild Stjórnartíðinda eða að tillögur sóttvarnalæknis skuli birtar þar áður en ráðherra birtir sinn lista. Þetta má laga með orðatilfærslum sem gætu hugsanlega leitt til eftirfarandi orðalags:

„Ráðherra skal birta í B-deild Stjórnartíðinda, að undangenginni tillögu sóttvarnalæknis, lista yfir svæði og lönd sem talin eru sérstök hááhættusvæði.“

---

Með kveðju,  
Svavar Kjarrval